

**Ed.**

**646. Frumvarp til laga**

[158. mál]

um bann við ofbeldiskvikmyndum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. mars.)

1. gr.

Bannað er að framleiða í landinu eða flytja til landsins ofbeldiskvikmyndir, sbr. 2. mgr. Sala, dreifing og sýning mynda af þessu tagi er bönnuð í íslenskri lögsögu frá gildistöku laganna.

„Ofbeldiskvikmynd“ merkir í lögum þessum kvikmynd, þar sem sérstaklega er sóst eftir að sýna hvers kyns misþyrmingar á mönnum og dýrum eða hrottalegar drápsaðferðir. Bannið tekur ekki til kvikmynda, þar sem sýning ofbeldis telst eiga rétt á sér vegna upplýsingagildis kvikmyndarinnar eða vegna listræns gildis hennar. Ekki tekur bann heldur til kvikmynda, sem hlotið hafa viðurkenningu skoðunarmanna, sbr. VI. kafla laga nr. 53/1966. Ef ástæða þykir til, er skoðunarmönnum þó heimilt að meta að nýju sýningarhæfni kvikmynda, sem áður hafa verið metnar.

„Kvikmynd“ merkir í lögum þessum myndefni af hvaða tæknibúnaði sem er, hvort sem ætlað er til sýningar í kvikmyndahúsum, sjónvarpi eða öðrum myndflutningstækjum.

2. gr.

Skoðunarmenn kvikmynda, sbr. VI. kafla laga nr. 53/1966, leggja mat á sýningarhæfni kvikmynda. Skulu innflytjendur, framleiðendur eða dreifingaraðilar og sýnendur kvikmynda kveðja skoðunarmenn til þess að skoða kvikmyndir áður en þær eru teknar til sýningar og greiða kostnað við skoðun þeirra, skv. reglum, sem ráðherra setur.

3. gr.

Barnaverndarnefndir og löggæslumenn skulu hafa eftirlit með því, að aðeins séu sýndar kvikmyndir, sem kvikmyndaeftirlit hefur leyft, eða slíkt efni selt eða leigt á myndböndum eða myndplötum.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga varðar sektum eða varðhaldi allt að 12 mánuðum. Gera skal upptækar ólöglegar kvikmyndir samkv. lögum þessum.

5. gr.

Menntamálaráðherra skal setja reglugerð um framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1987.